

Umhverfisstofnun
Áb. _____
08. sep. 2015
Tilv. _____

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 7. september 2015
UST201508-057/E.D.K.
08.14.02

Samþykkt úrbótaáætlun


Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 12. ágúst 2015 þar sem áformað var að áminna Akureyrarbæ vegna tveggja frávíka frá fyrirmælum um lokun og vöktun urðunarstaðar Akureyrarbæjar í Glerárdal. Frávikin varða að frágangi á svæðinu var ekki lokið og var hann ekki í samræmi við ákvæði 1.4 í fyrirmælunum. Þá var yfirfall á sigvatni og rann það óhreinsað í Sigurðargil, en það er frávik frá ákv. 1.5 í fyrirmælunum.


Umhverfisstofnun hefur borist áætlun um úrbætur frá rekstraraðila, sbr. bréf frá Akureyrarbæ, dags. 31. ágúst 2015. Í áætlun rekstraraðila kemur fram að hann telji frávik um frágang á yfirborði, sbr. ákv. 1.4 í lokunarfyrirmælum, vera komið í lag. Fram kemur að á svæðinu sem um ræðir, þ.e. það svæði sem urðað var á eftir 2009, sbr. eftirlitsskýrslu, sé búið að hreinsa allan sjáanlega smágerðan úrgang, snyrta yfirbragð og sá einkennistegundum og grasfræi í auða jarðvegsbletti og bera á áburð. Þá segir að árlega verði endursáð í þau svæði sem er ábótavant. Þá segir rekstraraðili ekki sjáanlegt mengað yfirborðsvatn í sitrum og pollum á svæðinu. **Umhverfisstofnun telur þessar úrbætur fullnægjandi, og mun taka þær út í næsta eftirliti á svæðinu.**

Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að unnið sé að úrbótum vegna fráviks sem varðar rennsli um yfirfall í Sigurðargili. Unnið sé að lausnum til að minnka þar vatnsrennsli eins og kveðið er á um í lokunarfyrirmælum. Þá sé verið að yfirfara fyrri framkvæmdir og hönnun vegna hreinsivirkis í Langamóa og kortleggja virkni þeirra og ágalla. „Svo virðist sem hriplag og siturlögn sem hönnuð voru og framkvæmd á árinu 1995 séu ekki að skila tilætludum árangri og unnið er að gerð nýrra tillagna og eða endurbóta til að bæta þar úr og lagfæra aðstöðu til sýnatöku og mælinga.“ Reiknað er með að þessari endurskoðun verði lokið í næsta mánuði og svo fer eftir umfangi endurbótanna hvenær þeim verði lokið, en stefnt er að því að það verði fyrir lok þessa árs. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og óskar eftir staðfestingu og lýsingu á gerðum úrbótum eigi síðar en 15. janúar 2016.**

Í áætlun rekstraraðila kemur fram að mælingar og vöktun á sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og árseti hafi ekki verið framkvæmdar fyrir 1. maí líkt og gert er ráð fyrir. Brugðist verði við með því að framkvæma þær fyrir 1. október. **Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og fer fram á að niðurstöður mælinganna berist stofnuninni eigi síðar en 15. nóvember nk.**

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur